


Varðar: Krókháls 5A, byggingarleyfi

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 23. janúar 2025 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 21. janúar 2025 þar sem sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24090114 á þann hátt að flóttaleið og flóttastigi færist frá norðurhlið yfir á austurhlið í húsi á lóð nr. 5A við Krókháls.



Hluti aðalskipulags Reykjavíkur 2040.



Hluti gildandi deiliskipulags.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022. Samkvæmt aðalskipulaginu er Krókháls 5A á skilgreindu athafnasvæði – Hálsar (AT2). Þar er fyrst og fremst gert ráð fyrir léttum iðnaði, sem ekki hefur í för með sér mengun, verkstæði, umboðs- og heildverslunum, skrifstofum tengdum umræddri starfsemi, þjónustu og rýmisfrekri verslun, svo sem bílasölur.

Deiliskipulag/Hverfisskipulag

Í gildi er deiliskipulag fyrir Hálsahverfi dags. samþ. 27. mars 2001.

Umsógn

Fyrirspurnin varðar erindi sem barst byggingarfulltrúa þar sem sótt er um leyfi til að breyta flóttaleið og að flóttastigi færast frá norðurhlið yfir á austurhlið í húsi að Krókhálsi nr. 5A.

Í gildandi deiliskipulagi er byggingarreitur samsíða austurhlið hússins og er fjarlægð útveggs að lóðarmörkum Krókháls 7A um 7,8m. Krókháls 7A er óbyggð lóð.

Ekki er gerð athugasemd við staðsetningu flóttastiga á austurhlið hússins að Krókhálsi nr, 5A enda skerðir staðsetning hans ekki nýtingu aðliggjandi lóðar. Stiginn mun ná lítið út fyrir byggingarreit. Ekki er þörf á grenndarkynningu.

Niðurstaða

Ekki er gerð skipulagsleg athugasemd við erindið.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfalli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.